



Menntaskólinn í Reykjavík

Fréttir úr skólastarfi

1.tbl.3.árgangur
Ábm. Elísabet Siemsen

23. ágúst 2019



KYNNINGARFUNDUR FYRIR FORRÁÐAMENN NÝNEMA

Kynningarfundur fyrir forráðamenn nýnema verður haldinn **Þriðjudaginn 27. ágúst kl. 20:00 í Ráðhúsinu.**

Stutt kynning á skólanum, félagslífinu svo og fá forráðamenn tækifæri til að hitta umsjónarkennara uppi í skóla eftir fund.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta!

ÁGÆTU FORELDRAR OG FORRÁÐAMENN

Tilgangur þessa fréttabréfs er að veita ykkur innsýn í það öflugra starf sem fer fram hér í MR. Stefnt er að því að senda slík fréttabréf út nokkrum sinnum á skólaári.

Ég býð alla forráðamenn velkomna til samstarfs og eins og lesa má eru upplýsingar til forráðamanna nýnema nokkuð áberandi að þessu sinni.

AÐGANGUR FORRÁÐAMANNA AÐ INNU

Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára hafa óheftan aðgang að [Innu](#). Inna geymir m.a. upplýsingar um stundatöflu nemenda, mætingu, einkunnir og einingafjölda. Mikilvægt er að fylgjast vel með viðveru nemenda. Fyrir kemur að nemendur missa tókin á mætingu sinni á fyrsta ári í framhaldsskóla, því er mikilvægt að veita þeim aðhald varðandi góða skólasókn. Til að virkja aðganginn að Innu þarf að nota Íslykil eða rafræn skilríki.

SKÓLASETNING

Rektor Menntaskólans í Reykjavík setti skólann við hátíðlega athöfn þann 20. ágúst. Að venju gengu nemendur og kennarar fylktu liði frá MR í Dómkirkjuna þar sem athöfnin fór fram. Á komandi skólaári mun MR í fyrsta sinni einvörðugu starfa eftir breyttu, þriggja ára skipulagi. Á fimmta hundrað nemendur sóttu um inngöngu í skólann og fengu 239 þeirra skólvist á fyrsta ári. Nemendum hefur því fækkað umtalsvert og eru þeir um 670.

Í ræðu sinni fór rektor yfir nokkur nýmæli sem framundan eru í rekstri skólans en þau snúa fyrst og fremst að bættri þjónustu við nemendur með velferð þeirra að leiðarljósi, sem og ýmis skref í þá átt að gera rekstur skólans umhverfisvænni.

Sigríður Halla Eiríksdóttir, nemandi við skólann flutti söngatriði við athöfnina.

OPNIR FUNDIR MEÐ NEMENDUM

Í nóvember munu rektor og aðrir stjórnendur skólans halda fundi með nemendum. Þar gefst nemendum tækifæri til að koma á framfæri tillögum, málefnalegri gagnrýni og annað sem snertir skólastarfið.